



Fráveita á tímum sóttvarna

Lokuð fráveitukerfi er einhver mesta framför í lýðheilsumálum þjóða frá upphafi vega. Með tilkomu þeirra var lokað á smitleiður og óþrifnað og ólykt og leiddi það til bættrar lýðheilsu.

Nú á tímum aukinna sóttvarna er fólk sérstaklega iðið að þrifa heimili sín og vinnustaði. Í því ljósi minnir Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur á að ekki skal nota klósettið sem ruslatunnu.

Á hverjum degi fer gríðarlegt magn af rusli í skólpadælu- og skólphreinsistöðvar borgarinnar. Mikil vinna og kostnaður felst í því að hreinsa dælur og farga ruslinu. Ef dælur stöðvast eins og getur gerst við þessar aðstæður fer skólpið óhreinsað út í umhverfið.

Blautklútar, hvort sem þeir eru notaðir á andlit og líkama eða til þrifa og sótthreinsunar, eiga heima í ruslinu og eiga að flokkast með blönduðum úrgangi í gráa tunnu.

Blautþurrkur leysast ekki auðveldlega upp og sé þeim hent í klósettið geta þeir valdið tjóni, líka heima við. Rör geta stíflast á heimilum með tilheyrandi vatnstjóni og kostnaði við viðgerðir. Hreinsibúnaður í fráveitukerfinu vinnur ekki á þessum þurrkum og fer illa í glímunni við þær.

Sérstaklega er bent á að þó sumir framleiðendur taki fram á umbúðunum að blautþurrkurnar þeirra megi fara í klósettið þá fara þær jafnilla með lagnir og hreinsikerfi og eiga alls ekki að fara í klósettið, ekki frekar en aðrar blautþurrkur.

Klósettið er **EKKI** ruslafata The Toilet is **NOT** a Trash Can

